

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. febrúar 2006

Tilvísun: 200602-0024/ 0.03.01

Umsögn Vinnueftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Vinnueftirlitið fagnar því að umrætt frumvarp er komið fram. Grundvallaratriði vinnuverndar er að tryggja starfsfólki, hættulaust vinnuumhverfi. Bann við reykingum á vinnustöðum er liður í því. Tóbaksreykingar, beinar og óbeinar eru án efa ein best þekkt heilsuvá í dag og því úr öllu samræmi að slíkt skuli heimilt á vinnustöðum, hvort sem er í þjónusturýmum eða öðrum rýmum. Þó frumvarpið feli í sér mikla framför í vinnuvernd á vinnustöðum sem tengjast gisti- og veitingahúsarekstri, þá væri mun einfaldara að fella niður hugtakið þjónusturými úr lögnum, því starfsmenn koma á endanum einhvern tíma í öll rými vinnustaðarins.

Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins falli niður

Lagt er til að 2. gr. umorðist og hljóði svo:

Eftirfarandi breytingar verði á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum, þ.m.t. á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, t.d. íþrótt- og tólmundastarf. Sama gildir ef vinnusvæðið er utan húss sé það undir föstu eða færanlegu þaki og meira en að hálfu leyti umlukið veggjum eða sambærilegum mannvirkjum.

b. 2. og 5. mgr. falla brott.

c. 6. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum í samráði við samgönguráðherra, félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra.

Vinnueftirlitið leggst eindregið gegn því að opnað verði fyrir undanþágur frá banni við tóbaksnotkun á vinnustöðum. Reykrými, jafnvel án þjónustu kalla samt á að starfsmenn með einhverjum hætti komi að þeim og lendi þar með í tóbaksmengun. Þó að kynnt væri fyrirfram í starfslýsingu að starfið væri í raun fyrir reykingafólk, þá reyna flestir reykingamenn að hætta og þá hætta langflestar reykingakonur reykingum á meðan þær eru með barni. Slík rými eru þannig einnig gegn hagsmunum reykingafólks á vinnumarkaði.

Vinnueftirlitið vill einnig taka fram að fjöldi kvartana vegna tóbaksreykinga á vinnustöðum var um 55 árið 2000 en hefur síðan farið mjög fækkandi, sem án efa lýsir því hve sátt fólk á vinnumarkaði er við bannið. Vinnueftirlitið er sannfært um að algert bann við reykingum á öllum vinnustöðum, verði vel tekið af starfsfólki og almenningi, og stuðli að heilsusamlegri og öruggari vinnustöðum til framtíðar.

Virðingarfyllst,


Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri


Kristinn Tómasson
Yfirlæknir Vinnueftirlitsins